

23 12. febr. Þýðingar af tveimur náttúrufræðisritum, sem sje efnafræði eptir prófessor Roscoe og fýs-
iska landafræði eptir professor Geikie, vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þókn-
anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg af fje því, er getur um í 15. gr.
fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár, hefi veitt deild hins íslenzka bókmenntafjelags þeirri, er
hjer er í bœnum, hinn umbeidda styrk 300. kr. fyrir hvort hinna ofan nefndu 2 rita með
skilyrðum þeim, er getið er um í bónarbrjefinu, sem sje að rit þessi verði gefin út á prent
á yfirstandandi ári, að þau verði útbúin með myndum á sama hátt og frumritin, að
prentað verði töluvert upplag af þeim, og að verð þeirra fari eigi fram úr 12 aukum fyrir
hverja örk.

24 12. febr. — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk til þess að prenta*
ágrip af heilbrigðisfræðinni. — Eptir að hafa meðtekið álit stiptysfirvald-
anna um bónarbrjef, er hingað hafði borizt frá Jónasi hjeraðslækni Jónassen, um allt að
200kr. styrk úr landssjóði, til að gefa út ágrip handa alþýðu af heilbrigðisfræðinni og bygg-
ingarfræði mannlegs líkama með hliðsjón af riti, er nýlega hefir komið út í Kaupmannahöfn
um þetta efni, og ætlar hann að láta prenta 1000 expl. af bókinni með nokkrum mynd-
um, og að ákveða söluverðið svo lágt, sem mögulegt er — hefi jeg af fje því, er ákveðið
er fyrir yfirstandi ár, í 15. gr. fjárlaganna, veitt 20 kr. styrk fyrir hverja örk af ofan-
nefndu riti, allt að 200 kr. með umgetnum skilyrðum, er tekin eru fram í bónarbrjefinu.
Þetta er hjer með tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-
ingar fyrir hlutaðeiganda.

25 12. febr. — *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk til safns af dýrum og*
dýramyndum. — Eptir að hafa meðtekið ummæli stiptysfirvaldanna um bónar-
brjef, er mjer hafði sent verið, og þar sem adjúntk Benedikt Gröndal fer fram á að fá styrk
til að halda áfram með dýrasafn það og dýramyndir af hinu íslenzka dýraríki, er hann
í nokkur ár að undanförnur hefir fengist við, og sem ákveðið er að taka á sínum tíma
inn í náttúrusögusafn hins lærða skóla¹, hefi jeg af fje því, er tiltekið er með 15. gr.
fjárlaganna á yfirstandandi ári, veitt 300 kr. í nefndu tilliti, þannig að 200 kr. mun verða
ávisað adjúntk B. Gröndal í næstkomandi marzmánuði og 100 kr. um veturnætur, þegar
hann færir sönnur á, að ofan nefndu verki hafi skilað verulega áfram.

Þetta er hjer með tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt-
ingar fyrir hlutaðeiganda.

26 15. febr. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*
styrk til jarðabóta og eflingar sjáfarútvegi. — Hinn 9. f. m. sendi
jeg yður, herra amtmaður, til þess að amtsráðinu gæfist tækifæri á að láta í ljósi álit
sitt um það, brjef það frá 7. f. m., er hjer með endursendist, og þar sem búnaðarfelag
suðuramtsins beiðist styrks af hluta suðurumdæmisins, af fje því, er með 10. gr. C. 5.
fjárlaganna um árin 1878 og 1879 er veitt til jarðræktar og til eflingar á sjáfarútvegi;
og hafið þjer nú í þóknanlegu brjefi 24. s. m., um leið og þjer skýrið frá, að málefni
þetta muni verða lagt fyrir amtsráðið á væntanlegum fundi þess í næstkomandi júní-

1) Sbr. brjef landshöfðingja 8. marz 1875 (stjórntíð. B. 11).